

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 131/2013

2013/EES/67/30

frá 14. júní 2013

## um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/30/ESB frá 25. október 2012 um samræmingu verndarráðstafana, sem ætlað er að vera jafngildar í Bandalaginu og aðildarríki krefjast þegar almenningshlutafélög eru stofnuð og um tilskilið hlutafé og heimilaðar breytingar á hlutafé þeirra í skilningi annarrar málsgreinar 54. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins til að vernda hagsmuni félagsmanna og annarra (endurútgefin) <sup>(1)</sup>.
- 2) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2012/30/ESB fellur úr gildi tilskipun ráðsins 77/91/EBE <sup>(2)</sup>, en sú gerð hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella hana úr EES-samningnum.
- 3) XXII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

## 1. gr.

Texti 2. liðar (tilskipun ráðsins 77/91/EBE) í XXII. viðauka við EES-samninginn hljóði svo:

„**32012 L 0030:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/30/ESB frá 25. október 2012 um samræmingu verndarráðstafana, sem ætlað er að vera jafngildar í Bandalaginu og aðildarríki krefjast þegar almenningshlutafélög eru stofnuð og um tilskilið hlutafé og heimilaðar breytingar á hlutafé þeirra í skilningi annarrar málsgreinar 54. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins til að vernda hagsmuni félagsmanna og annarra (Stjtið. ESB L 315, 14.11.2012, bls. 74).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Eftirfarandi bætist við í I. viðauka:

„– Ísland:

hlutafélag,

– Liechtenstein:

Aktiengesellschaft,

– Noregur:

Allmennaksjeselskap““““

## 2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2012/30/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

## 3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. júní 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

(<sup>1</sup>) Stjtið. ESB L 315, 14.11.2012, bls. 74.

(<sup>2</sup>) Stjtið. EB L 26, 31.1.1977, bls. 1.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. júní 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Gianluca Grippa***

formaður.